

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 3. október 2025
202509-0008/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Borun og prófun tilraunaholu við Kaldárhöfða - nr. 1173/2025 - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 26. ágúst 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu á borun og prófun tilraunaholu við Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi, sbr. 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er skortur á umfjöllun varðandi nokkur atriði og því töluverð óvissa varðandi þá umhverfispætti.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Árborg og Flóahreppur hafi áform um öflun kalds neysluvatns. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér borun allt að 50 m djúprar tilraunaholu og prófun með dælingu í 24–72 klukkustundir til að kanna vatnafræðilega eiginleika jarðlaga og meta áhrif á grunnvatnsborð.

Framkvæmdasvæðið er við vesturmörk vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og fellur því undir lög nr. 85/2005 um verndun vatnasviðs Þingvallavatns.

Til að komast að borstæði verður lagður um 100 m langur vegslóði með allt að 100 m³ af fyllingarefni úr námu við Seyðishóla. Rask svæðisins er áætlað 350–400 m². Dúkur verður lagður undir fyllingu til að draga úr mengunarhættu.

Notuð verður loftborun með litlu magni smurefna og sápu. Borsvarfi, áætlaður um 4–5 m³, verður safnaður í þró eða ker og fluttur á brott. Búnaður er með lokuðu vökvakerfi og mengunarvarnabúnaði til að lágmarka áhættu á lekum eða spilliefnum.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið innan framkvæmdarsvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið liggi á hraunmyndunum sem nefnast Eldborgarhraun og Gjábackkahraun. Hraunið er að mestu hulið gróðri en samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er ríkjandi vistgerð Lynghraunavist (L6.1)

Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á hraun eru háð óvissu. Óvissan stafar af skorti á umfjöllun og gögnum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í umfjöllun um framkvæmdina, sem ekki er gert og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vatnasvið Þingvallavatns

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé við vesturmörk vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og að um það gildi lög nr. 85/2005 um verndun vatnasviðs Þingvallavatns. Framkvæmdaraðili leggur áherslu á að borunin sé tímabundin og áhrif á vatn óveruleg, þar sem magn borvökva sé lítið, meðhöndlun úrgangs tryggi að mengun berist ekki í grunnvatn og tímabundin lækun grunnvatnsborðs jafni sig fljótt eftir prófun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið liggi innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og að bæði lög nr. 85/2005 og reglugerð nr. 650/2006 kveði á um að þar beri að forðast allar framkvæmdir sem geti spilt eða mengað vatn. Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á að í 16. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að óheimilt sé að hefja nýjan starfsleyfisskyldan

atvinnurekstur á verndarsvæðinu nema umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra veiti undanþágu að fenginni umsögn m.a. Þingvallanefndar, Umhverfis- og orkustofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurlands.¹ Reglugerðin heimilar jafnframt sveitarstjórn að setja skilyrði í framkvæmdaleyfi til að tryggja vernd lífríkis og vatnsgæða.

Þótt umfang framkvæmdarinnar sé lítið getur smávægilegur leki eða mistök haft alvarlegar afleiðingar fyrir vatnsgæði þar sem svæðið er mikilvæg neysluvatnsauðlind. Þá er óvissa um framtíðarnýtingu og samlegðaráhrif annarra vatnsöflunarframkvæmda á svæðinu, sem geta haft veruleg áhrif á vatnsbúskap og lífríki.

Áhrif þessa þáttar eru metin sem óviss. Meta þarf því áhrif heildstætt og tryggja að öll leyfisveiting, vöktun og mótvægisáðgerðir séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila er ekki fjallað sérstaklega um vistgerðir eða fuglalíf á framkvæmdasvæðinu, aðeins nefnt að leggja þurfi vegslóða og fyllingu yfir mólendi með lyngi og lággroðri.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er ríkjandi vistgerð á svæðinu Lynghraunavist (L6.1). Slík vistgerð hefur almennt hátt verndargildi og er nýtt af mófuglum til varps. Helstu tegundir sem nýtir þessa vistgerð eru heiðlóa, spói og þúfuttlingur.

Ekki liggja fyrir gögn um fuglalíf á svæðinu en að mati stofnunarinnar er framkvæmdasvæðið kjörið búsvæði margra mófuglategunda. Allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðun nær einnig til eggja og hreiðra. Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Talningar á Suðurlandi sýna að stofnar mófugla hafa dregist verulega saman á síðustu árum. Heiðlóu, lóupræli, spóa, stelki og þúfuttlingi hefur fækkað marktækt, og í nýjustu válistaflokkun Náttúrufræðistofnunar (2025) voru heiðlóa, spói og lóupræll færð úr því að vera ekki í hættu (2018) yfir í að vera metnar í nokkurri hættu. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum þar sem um eða yfir 20% Evrópustofns þeirra verpir hér. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins.

Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fuglalíf eru háð óvissu. Óvissan stafar af skorti á umfjöllun og gögnum, en ljóst er að svæðið er kjörið búsvæði fyrir ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess getur hávaði og umferð tækja við borun valdið truflun á varptíma. Með mótvægisáðgerðum, einkum því að forðast framkvæmdir á varptíma og tryggja vandaðan frágang raskaðra svæða, má þó draga úr neikvæðum áhrifum.

Mikilvægt fuglasvæði og náttúruminjaskrá

Í greinargerð framkvæmdaraðila er ekki fjallað um að framkvæmdasvæðið sé í nágrenni við skráð alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA) og svæði á náttúruminjaskrá sem jafnframt hefur verið tilnefnt í B-hluta náttúruminjaskrár. Svæðið nær yfir Þingvallavatn og Sogið og er að hluta innan Þingvallaljóðgarðs.

Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar hefur svæðið einstakt lífríki. Í Þingvallavatni lifa fjögur afbrigði bleikju sem hafa þróast að mismunandi búsvæðum, auk urriða og laxa sem ganga í Sogið. Þar

¹ <https://island.is/reglugerdir/nr/0650-2006>

hafa einnig fundist tvær tegundir marflóa sem ekki finnast utan Íslands. Næsta nágrenni einkennist af hraunum og birkiskógi en jafnframt eru þar frístundabyggðir, ferðamennska og búfjárbætur.

Svæðið telst alþjóðlega mikilvægt fyrir himbrima, húsönd og gulönd. Þar eru allt að 10 himbrimaóðul og tugir fugla á fartíma, auk vetrarstofna húsandar og gulandar. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum þar sem stór hluti Evrópustofnanna verpir hér. Himbrimi og húsönd eru auk þess skilgreindar sem verndartegundir samkvæmt Bernarsamningnum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið, þó að sé utan marka verndarsvæðisins, sé í náninni tengingu við vatnsbúskap Þingvallavatns og Sogsins. Breytingar á grunnvatni eða vatnsgæðum geta haft óbein áhrif á fuglalíf og vistkerfi svæðisins. Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá, á IBA-lista BirdLife International og hefur verið tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár, er nauðsynlegt að leggja sérstakt mat á áhrif framkvæmdarinnar á verndargildi þess.

Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fuglalíf eru háð óvissu. Óvissan stafar af skorti á umfjöllun og gögnum. Nauðsynlegt er að afla frekari gagna og tryggja mótvægisaðgerðir til að draga úr mögulegum áhrifum á fuglalíf og vistkerfi svæðisins.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að í fyrirbyggjandi gögnum sé gerð grein fyrir framkvæmdinni að hluta þar sem umfang framkvæmda er ekki mikil og hefur óveruleg áhrif á marga þætti, en ýmis atriði þarfnast frekari skýringar. Ekki er fjallað nægjanlega um áhrif á hraunmyndun sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 né heldur um áhrif á vistgerðir og fuglalíf, þó að svæðið sé kjörið búsvæði ábyrgðartegunda sem hafa hnignað á síðustu árum. Þá gæti umfjöllun um áhrif á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns og samræmi við lög nr. 85/2005 og reglugerð nr. 650/2006 verið ítarlegri. Mótvægisaðgerðir og vöktun eru einungis útfærðar fyrir vatnafræðilega þætti en ekki fyrir lífríki (vistkerfi svæðisins gróður, fuglalíf o.s.frv.) Í ljósi þessa ríkir nokkur óvissa um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vegna skorts á umfjöllun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri